

Skýrsla

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um hreinsun Heiðarfjalls.

Í maí árið 2021 samþykkti Alþingi þingsályktun um hreinsun Heiðarfjalls (þskj. 1417, 779. mál á 151. löggjafarþingi). Þingsályktunin hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að gangast fyrir rannsókn á umfangi mengunar í jarðvegi og grunnvatni í Heiðarfjalli, frá þeim tíma er þar var rekin eftirlitsstöð á vegum Bandaríkjahers í tengslum við varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Samhliða verði gerð tímasett áætlun um kostnað og hreinsun á úrgangs- og spilliefnum þannig að tryggt verði að staða umhverfis- og mengunarmála samræmist kröfum dagsins í dag. Ráðherra skuli leggja áætlunina fyrir Alþingi eigi síðar en 15. mars 2022. Þessi vinna fari fram í nánú samstarfi við landeigendur.“

Á Heiðarfjalli á Langanesi er aflögð ratsjár- og fjarskiptastöð. Bandaríska herliðið hafði afnot af svæðinu frá árinu 1954 og rak ratsjár- og fjarskiptastöð á fjallinu í þrettán ár til ársins 1970. Á svæðinu er úrgangur og staðfest mengun frá þessum tíma. Íslensk stjórnvöld afsöluðu sér fyrir hönd íslenska ríkisins og allra Íslendinga kröfum á hendur Bandaríkjunum vegna hugsanlegra landspjalla í tengslum við veru hersins á Heiðarfjalli. Í greinargerð með tillögu að þingsályktuninni segir að viðhorf til umhverfismála séu gjörbreytt frá því að samið var um viðskilnað á umræddu svæði. Bandaríkjaher og Atlantshafsbandalagið hafi ekki farið varhluta af þessari viðhorfsbreytingu og ekki síst þegar komi að viðskilnaði á hernaðarsvæðum. Þannig hafi Atlantshafsbandalagið verið reiðubúið að veita styrki til rannsókna á mengun af völdum hernaðarumsvifa og Bandaríkjastjórn hafi fyrir sitt leyti tekist á hendur að hreinsa svæði eftir herstöðvar sínar eða fjármagna slíka hreinsun óháð samningsbundnum kvöðum. Í þessu ljósi sé nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hefji viðræður við Bandaríkjastjórn og Atlantshafsbandalagið um aðkomu og þátttöku í væntanlegu hreinsunarstarfi á grundvelli rannsókna og áætlunar um hreinsun á úrgangs- og spilliefnum. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hafi tekið málið upp og ákveðið að beina því til Alþingis að setja það í farveg sem leiði til ásættanlegrar og löngu tímabærrar niðurstöðu með hreinsun landsvæðisins. Tryggt verði að landeigendum verði haldið upplýstum og hafi aðkomu að málinu og leitast verði eftir góðri sátt við þá.

Í kjölfar þingsályktunarinnar leitaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir mati og upplýsingum frá Umhverfisstofnun. Stofnunin benti ráðuneytinu á að þörf væri á frekari rannsóknum á Heiðarfjalli áður en hægt væri að fara í beinar hreinsunaraðgerðir. Mest aðkallandi væri að gera rannsókn á grunn- og yfirborðsvatni. Jafnframt benti stofnunin á að nokkrar ratsjárstöðvar hafi verið reknar á Íslandi á vegum Bandaríkjahers ásamt öðrum hernaðarmannvirkjum. Líklegt sé að um áþekkt mengunarálag sé um að ræða á þessum stöðum og jafn mikil þörf á að ráðast í samskonar úttektir og rannsóknir og um ræðir á Heiðarfjalli. Í kjölfarið fól ráðuneytið Umhverfisstofnun að halda utan um forkönnun og gera áætlun á umfangi og kostnaði nauðsynlegra rannsókna til að ná utan um umfang mengunarinnar, í samráði við landeigendur. Stofnuninni var jafnframt falið að setja upp skilti á svæðinu með

upplýsingum um mengunarhættu. Skiltið er tilbúið og verður sett upp þegar aðstæður á fjallinu leyfa.

Frá því í haust hefur verið unnið að málefnum tengdum Heiðarfjalli og samráð haft við landeigendur. Ráðuneytið og Umhverfisstofnun hafa reglulega átt samráðsfundi með fulltrúum landeigenda þar sem farið hefur verið yfir stöðu verkefnisins og næstu skref rædd. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins hefur eftir atvikum tekið þátt í fundunum. Jafnframt voru haldnir fundir með fulltrúum frá Environmental Sciences Group í Royal Military College í Kingston, Ontario og fulltrúum Norwegian Geotechnical Institute (NGI). Ráðuneytið, Umhverfisstofnun og fulltrúar landeigenda tóku þátt í þeim fundum. Auk þess var upplýsingum komið til Langanesbyggðar og íbúa á svæðinu.

Eins og fram kom hér að framan fól ráðuneytið Umhverfisstofnun að halda utan um forkönnun (áætlun) á umfangi og kostnaði nauðsynlegra rannsókna til að ná utan um umfang mengunarinnar, í samráði við landeigendur. Umhverfisstofnun gerði samning við Norwegian Geotechnical Institute (NGI) um gerð greiningarskýrslu um hvaða áframhaldandi rannsóknir þurfi að framkvæma á Heiðarfjalli þannig að hægt sé að taka ákvörðun um mögulegar hreinsunaraðgerðir. NGI byggði vinnu sína m.a. á upplýsingum frá ÍSOR og landeigendum ásamt loftmyndum og aðgengilegum kortasjám. Þá er vinna NGI einnig byggð á rannsókn Environmental Science Group, sem er rannsóknarteymi á vegum Royal Military College Kingston, Ontario í Kanada sem gerði grein fyrir niðurstöðum í skýrslu í mars 2019. Útkoman er meðfylgjandi skýrsla NGI sem lýsir þeim rannsóknum sem eftir eru til að klára frumrannsóknina. Samkvæmt skýrslu NGI er gert ráð fyrir að skipta þessum seinni hluta frumrannsóknarinnar upp í eftirfarandi þrjá áfanga:

Fyrsti áfangi: Farið verði í vettvangsferð og framkvæmdar jarðeðlisfræðilegar rannsóknir, tekin verði sýni úr jarðvegi, vatni og byggingarefni ásamt því að þau svæði sem upplýsingar vantar um verði kortlögð.

Annar áfangi: Framkvæmd verði áhættugreining og mengunin sem mælist í fyrsta áfanga og sú mengun sem mældist í fyrri frumrannsóknum borin saman við viðmiðunargildi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður annars áfanga stjórni því hvort þriðji áfangi sé framkvæmdur.

Þriðji áfangi: Boraðar verði djúpar grunnvatnsholur til að rannsaka og fylgjast með dreifingu mengunar frá svæðinu. Einnig væru í þessum áfanga tekin yfirborðsvatnssýni.

Gert er ráð fyrir að framangreint taki um eitt og hálf ár. Verði ákveðið að fara í þessar áframhaldandi rannsóknir gæti fyrsti áfangi farið fram frá því að snjóa leysir að vori til og fram á haust áður en það frýs. Annan áfanga væri hægt að framkvæma veturinn eftir og þann þriðja sumarið þar á eftir. Mikilvægt er að vinna við að klára frumrannsóknir verði unnin að höfðu nánú samráði við landeigendur.

Há gildi af úrani mældust í fyrri hluta frumrannsóknanna á Heiðarfjalli og þess vegna leggur Umhverfisstofnun til að sérfræðingar frá Geislavörnum ríkisins fari á svæðið og framkvæmi gamma mælingar áður en seinni hluti frumrannsóknanna fari fram. Einnig er gert er ráð fyrir að samhliða fyrsta áfanga verði tekin vatnssýni og að Geislavarnir ríkisins rannsaki hvort í þeim greinist geislun.

Áætlaður kostnaður vegna framangreindra þriggja áfanga, vinnu Geislavarna ríkisins, aðkeyptrar þjónustu ráðgjafa á framkvæmdatíma, útboðs og ferðakostnaðar er á bilinu 55 til 70 milljónir króna.

Að þessu loknu er fyrst hægt að útbúa áætlun um eftirlit með grunnvatni í borholum og framkvæma það eftirlit sem og að gera áætlun um hreinsun á svæðinu. Gera má ráð fyrir að undirbúningur hreinsunaraðgerða geti tekið um tvö til fjögur ár með tilheyrandi ráðgjafakostnaði. Á undirbúningstímanum er einnig hægt að gera ráð fyrir að framkvæma

þurfi eina eða fleiri prófanir á mismunandi hreinsunaraðgerðum. Þá fyrst er hægt að gera áætlun um hvað þurfi að gera á svæðinu og meta kostnað við það.

Rétt er að benda á að framkvæmd rannsókna og hreinsunaraðgerða á umræddu svæði eru háðar samþykki landeigenda þar sem stjórnvöld hafa hvorki heimild né bera lagalega skyldu til að ráðast í slík verkefni á svæðinu. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið lagði þó til fjármagn til að standa undir kostnaði við þá forkönnun sem nú hefur verið unnin. Forkönnunin var, eins og áður greinir, unnin í nánú samráði við landeigendur. Umfang forkönnunarinnar og kostnaður við hana er bara lítið brot af umfangi og kostnaði við þær rannsóknir sem eftir eru til að klára framangreinda frumrannsókn. Þá er ljóst að hreinsun á svæðinu mun verða gífurlega umfangsmikil og kostnaðarsöm.

Utarríkisráðuneytið tók málið upp á fundi sameiginlegrar nefndar Bandaríkjanna og Íslands vegnar varnarsamningsins frá 1951. Málið er enn til skoðunar af hálfu Bandaríkjanna. Líkt og fram hefur komið er þó ljóst af skilasamningi vegna landsins við Bandaríkin að íslensk stjórnvöld féllu á sínum tíma frá öllum kröfum á hendur bandarískra stjórnvalda vegna afnota af svæðinu. Þrátt fyrir að Atlantshafsbandalagið hafi aldrei komið að rekstri ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar á Heiðarfjalli hefur fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu kannað hvort til staðar séu sjóðir vegna hreinsunar á mengun sem rekja má til varnarmannvirkja. Samkvæmt upplýsingum frá auðlindaskrifstofu bandalagsins (e. office of resources) voru ýmis mál í tengslum við hreinsunarstörf af þessu tagi í gangi undir lok síðustu aldar sem miðuðu að því að deila þekkingu í því samhengi. Aftur á móti bera aðildarríki sjálf ábyrgð á hreinsunarstörfum af því tagi sem hér um ræðir, þ.m.t. kostnaði. Þannig eru engir tiltækir sjóðir innan bandalagsins til að fjármagna hreinsunarstarfið.

Ályktun Alþingis fól ráðuneytinu að gangast fyrir rannsókn á umfangi mengunar og gera tímasetta kostnaðaráætlun um hreinsunina. Forkönnun ráðuneytisins leiðir í ljós umtalsverðan kostnað við að framkvæma rannsóknina sjálfa og eins og fram hefur komið þá er ekki um lögbundið hlutverk stjórnvalda að ræða. Ráðuneytið hefur hvorki fjárveitingu á málefnasviði þess til að ráðast í svona kostnaðarsama rannsókn né til hreinsunar á úrgangs- og spilliefnum sem af henni leiðir.

Fylgiskjal I.

Report – Heiðarfjall fyrir Umhverfisstofnun – Preparatory work for geophysical and environmental site investigations at Heiðarfjall – Norwegian geotechnical institute NGI.NO.

www.althingi.is/alttext/pdf/152/fylgiskjol/s0899-f_I.pdf

Fylgiskjal II.

Minnisblað Umhverfisstofnunar til umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins um frumrannsóknir á Heiðarfjalli, dags. 15. febrúar 2022.

www.althingi.is/altext/pdf/152/fylgiskjol/s0899-f_II.pdf

Fylgiskjal III.

Mynd af skilti sem setja á upp á Heiðarfjalli.

www.althingi.is/altext/pdf/152/fylgiskjol/s0899-f_III.pdf